

Jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Skagastrandar 2019-2022

Þegar fyrstu jafnréttislögin voru sett hér á landi var talið að erfiðast yrði að breyta viðhorfum fólks til stöðu kynjanna en auðveldast yrði að breyta launamun kynjanna og að hann yrði horfinn innan fárra ára. Sú hefur því miður ekki orðið raunin. Niðurstöður rannsóknar um launamyndun og kynbundinn launamun sem Capacent Gallup vann fyrir félagsmálaráðuneytið á árinu 2006 bentu til stöðunar í launajafnréttismálum og að kynbundinn launamunur væri tæplega 16% hér á landi. Í rannsókn Hagstofu Íslands á launamun kynjanna í samvinnu við aðgerðarhóp stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti leiðir í ljós að launamunur kynjanna minnkaði á tímabilinu 2008-2016. Konur voru að jafnaði með 6,6% lægri laun en karlar árið 2008 en leiðréttur munur minnkaði í 4,5% árið 2016. Launajafnrétti hefur því þróast í jákvæða átt síðustu árin þó enn skorti verulega á. Jafnrétti snýr þó ekki bara að launajafnrétti kynja og grundvallast á flóknu samspili ýmissa samfélagslegra þátta t.d. rétti til fæðingarorlofs, vinna gegn kynbundnu ofbeldi og tækifærum til menntunar. Íslands stendur nokkuð vel hvað þessa þætti varðar en árið 2018 markaði 10 ár Íslands á toppi lista Alþjóðaeftirfarisráðsins yfir ríki þar sem kynjajafnrétti mælist mest.

Tilgangur þessarar jafnréttisáætlunar er því að leitast við að draga fram mikilvægi jafnréttis fyrir alla, bæði karlmenn og konur. Tilraun til þess er kynning hugtaksins kynjasambætting sem innleitt var með lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það þýðir í raun að sjónarmið kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanatöku á vegum sveitarfélagsins. Jafnrétti er nú sameiginlegt réttlætismál beggja kynja með velferð þeirra að leiðarljósi. Þannig hefur því verið breytt úr því sértæka verkefni kvenna sem það hefur hingað til verið talið. Eitt af því sem verður að gerast samfara slíkri vinnu er að leita leiða til þess að vinna gegn stöðnuðum hugmyndum um hlutverk kynjanna (staðalímyndum) sem leggja stein í götu frelsis hvers einstaklings til að njóta sín í ljósi hæfileika sinna burtséð frá kyni. Til þess að það takist þarf m.a. að virkja leik-, grunn- og framhaldsskóla til meðvitaðrar vinnu um jafnrétti m.a. í ljósi laga þar að lútandi. Töluverð áhersla er því lögð á eflingu fræðslu og ábyrgðar skólanna í þessari jafnréttisáætlun.

Til áréttingar var ekki stofnuð sérstök jafnréttisnefnd sbr. 12. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í 6. lið 40. gr. samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar nr. 366/2014 er sveitarstjórn falið að fara með verkefni jafnréttisnefndar í samræmi við lög.

Almenn markmið áætlunar:

- að samræma áherslur í ákvarðanatöku og markmiðssetningu sveitarfélagsins við kröfur laga er varða jafnréttismál. Þau lög og reglur sem horft er til eru:
 - a) Lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
 - b) Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði.
 - c) Lög nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna.
- að bæta ímynd jafnréttis og vinna gegn áhrifum neikvæðra kynjafordóma karla og kvenna er varðar lífsgæði.
- að kynna kynjasambættingu sem tæki til að draga fram mikilvægi jafnréttis fyrir bæði karla og konur.

Hér á eftir fylgja sérstök áhersluatriði jafnréttisáætlunarinnar og gerð er grein fyrir markmiðum hennar, verkþáttum, ábyrgðaraðilum þeirra og tímasetningum verkefna.

1. Kynjasambætting.

Sbr. 17. gr. laga nr. 10/2008.

Sjónarmiða kynjajafnréttis þ.e. kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð á vegum sveitarfélagsins. Með því er átt við að jafnrétti skuli ekki nálgast sem sérþækt verkefni, sem höfði eingöngu til kvenna, heldur sem réttlætismál fyrir karla ekki síður en konur. Þannig skuli sveitarfélagið beita sér fyrir bættari ímynd jafnréttis. Sambættingin er ekki tilgangurinn heldur tæki til að ná markmiðum um jafnrétti sem er grundvöllur lagasetningarinnar.

Ábyrgð: Sveitarstjórn og sveitarstjóri.

Tímasetning: Við alla ákvarðanatöku og stefnumótun fram til 2022.

2. Fræðsla- og fyrirbyggjandi starf.

Sérstök áhersla skal lögð á það við grunnskóla sveitarfélagsins, að markvisst sé unnið að eflingu fræðslu um jafnréttismál, með áherslu á jafnrétti sem hagsmunamál karla ekki síður en kvenna og vinnu gegn neikvæðum staðalímyndum kynjanna.

Skólarnir séu gerðir ábyrgir fyrir þeirri jafnréttisfræðslu sem þar fer fram og setji sér áætlanir þar að lútandi ásamt því að gera grein fyrir þeirri fræðslu sem til þessa málaflokks má telja.

Í 23. grein laga nr. 10/2008 segir að „á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.“ [Hér](#) má nálgast gildandi jafnréttisáætlun Höfðaskóla.

Verkþáttur: Kynning þessarar greinar jafnréttisáætlunar sveitarfélagsins fyrir skólastjórnendum. Beiðni um greinargerð á stöðu jafnréttisfræðslu innan skólans og framtíðaráætlun.

Ábyrgð: Fræðslunefnd.

Tímasetning: Haust 2019 (þegar nýr skólastjóri tekur við og nýtt skólaár hefst).

3. Jöfn laun karla og kvenna.

Sbr. 19. gr. laga nr. 10/2008.

Sveitarfélagið Skagaströnd leggur áherslu á að karlar og konur sem starfa hjá sveitarfélaginu fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Ráðstafanir verði gerðar, ef með þarf, til að eyða kynbundnum launamun. Litið verði á heildargreiðslur til einstaklinga, þ.m.t. greiðslur fyrir akstur, yfirvinnu, nefndarstörf, sérverkefni o.fl.í samhengi við vinnuframlag.

Þegar ráðið er í starf skal meta starfið til launa óháð kynferði þess sem gegnir því. Alltaf er miðað við kjarasamninga sem grunnforsendu fyrir launakjörum starfsmanna.

Verkþáttur: Úrtakskönnun á launum starfsmanna í sambærilegum störfum, til að greina hvort um kynbundinn launamun er að ræða hjá sveitarfélaginu.

Ábyrgð: Sveitarstjórn/Sveitarstjóri.

Tímasetning: Annað hvert ár við gerð fjárhagsáætlunar – haust 2019, haust 2021.

4. Ráðningar í störf og starfsaðstæður.

Sbr. 18. gr., 20. gr. og 21. gr. laga nr. 10/2008.

Sbr. III. kafli laga nr. 80/2018.

Þegar stöður á vegum sveitarfélagsins eru auglýstar skal þess gætt að hafa bæði kynin í huga. Jafnréttissjónarmið verði metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar.

Stuðla skal að því að störf flokkist ekki sem sérstök kvenna- eða karlastörf. Þá skal unnið markvisst að því að auka hlut karla í hefðbundnum kvennastörfum og hlut kvenna í hefðbundnum karlastörfum. Þetta skal m.a. gert með því að hafa kynjasambættingu að leiðarljósi við gerð reglna um kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins í menntun og þjálfun starfsmanna.

Áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.

Þar sem því verður við komið skal starfsfólk sveitarfélagsins eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu. Konum og körlum verði einnig gert kleift að minnka við sig vinnu tímabundið til að sinna fjölskylduábyrgð, svo sem umönnun barna og sjúkra fjölskyldumeðlima. Starfsfólki verði þannig auðveldað að samræma fjölskylduábyrgð og ábyrgð í starfi.

Verkþáttur: Yfirfarnar reglur um kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins í menntun og þjálfun starfsmanna, með hliðsjón af jafnréttissjónarmiðum.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Tímasetning: Verkþætti lokið en reglur verða uppfærðar eftir þörfum.

Verkþáttur: Starfsauglýsingar frá sveitarfélaginu settar fram með jafnréttissjónarmið í huga.

Ábyrgð: Sveitarstjóri

Tímasetning: Við birtingu starfsauglýsinga.

5. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

Sbr. 22 gr. laga nr. 10/2008.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni er ekki liðin á vinnustöðum sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Skagaströnd tekur skýra afstöðu gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni

Verkþáttur: Farið verði yfir og endurskoðaðar verklagsreglur um meðferð mála er varða einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni á vinnustað.

Ábyrgð: Sveitarstjóri

Tímasetning: Haust 2019.

Verkþáttur: Sveitarfélagið gefur út yfirlýsingu um skýra afstöðu sína gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreitni og kynferðislegu áreitni. Um leið er fórnarlömbum þess og aðstandendum bent á að leita sér upplýsinga og leiðbeininga til stuðnings hjá Félagsþjónustu A-Hún.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Tímasetning: Haust 2019.

Verkþáttur: Fræðsla um kynbundið ofbeldi/kynferðislegt ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni – ætlað foreldrum til upplýsingar og forvarna.

Ábyrgð: Félags- og skólajónusta A-Hún

Tímasetningar: Haust 2019.

6. Menningar-, íþrótt- og æskulýðsmál.

Sbr. 23. gr. laga nr. 10/2008.

Sveitarfélagið Skagaströnd skal veita stúlkum og drengjum sömu tækifæri til tómstunda-, menningar- og íþróttastarfs. Frjáls félagasamtök skulu hvött til hins sama. Kynin sitji jöfn að fjárveitingum á vegum sveitarfélagsins til slíkra starfa og iðkunar. Þess skal gætt að stúlkur og drengir hafi sömu möguleika til sumarstarfa og annarra verkefna á vegum sveitarfélagsins. Áhersla skal lögð á að fréttáflutningur og umfjöllun á vefsíðu sveitarfélagsins taki mið af jafnréttissjónarmiðum.

Verkþáttur: Gerð skal könnun á þátttöku drengja og stúlkna á grunnskólaaldri í félags- og tómstundastarfi.

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Fer fram árlega.

Verkþáttur: Frjáls félagasamtök hvött til að gæta jafnréttis-sjónarmiða í starfi sínu.

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Árlega við auglýsingar um styrkumsóknir.

Verkþáttur: Heimasiða og annað upplýsingaefni frá sveitarfélaginu, yfirfarið með hliðsjón af kynjasambættingu.

Ábyrgð: Sveitarstjóri.

Tímasetning: Haust 2019

7. Nefndir og ráð.

Sbr. 15 gr. laga nr. 10/2008.

Sbr. III. kafli laga nr. 86/2018

Þess skal gætt við tilnefningar sveitarstjórnar í nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, að hlutfall kynjanna sé sem jafnast. Því skal beint til stjórnarmálflokka að við uppstillingu á framboðslistum skuli hlutfall kynjanna vera eins og best verður á kosið þ.e. sem jafnast og réttlátast. Að loknum kosningum er kynjasambætting sjálfsagt tæki við alla stjórnskipan.

Verkþáttur: Haldið námskeið um sveitarstjórnarmál og nefndarstörf, þar sem áherslan verður á kynjasambættingu, þ.e. á mikilvægi þess að sjónarmið karla jafnt sem kvenna komi fram við áætlunargerð og markmiðssetningar innan stjórnkerfis sveitarfélagsins til hagsbóta fyrir samfélagið í heild sinni.

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga.

Verkþáttur: Sent bréf til stjórnaráflokka til að vekja athygli þeirra á mikilvægi þess að við uppstillingu á framboðslistum skuli hlutfall kynjanna vera eins og best verður á kosið, þ.e. sem jafnast og réttlátast.

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Í aðdraganda kosninga.

8. Endurskoðun og kynning.

Sbr. 12 gr. laga nr.10/2008.

Eftir samþykkt skal jafnréttisáætlun kynnt öllum stjórnendum sveitarfélagsins, kjörnum fulltrúum og embættismönnum. Þá skal jafnréttisáætlun vera aðgengileg á vefsíðu sveitarfélagsins. Einnig skal kynningu hennar út í samfélaginu fylgt eftir með greinaskrifum og ábendingum til íbúa. Sveitarstjóri skal í febrúar ár hvert yfirfara framkvæmdaáætlun varðandi verkþætti, ábyrgð og tímasetningar, en heildarendurskoðun skal fara fram annað hvert ár um leið og unnin er skýrsla fyrir Jafnréttisstofu um stöðu og þróun jafnréttismála innan sveitarfélagsins.

Verkþáttur: Endurskoðuð jafnréttisáætlun sett á vefsíðu sveitarfélagsins.

Ábyrgð: Sveitarstjóri.

Tímasetning: Haust 2019.

Verkþáttur: Kynningarfundir með starfsmönnum og kjörnum fulltrúum.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Tímasetning: Haust 2019.

Verkþáttur: Endurskoðun framkvæmdaáætlunar jafnréttisáætlunar

Ábyrgð: Sveitarstjórn og sveitarstjóri.

Tímasetning: Janúar-mars 2020.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 7. júní 2019


Alexandra Jóhannesdóttir
Sveitarfélagið Skagaströnd